



## Ávarp forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessonar

Árla morguns, fyrsta sunnudag í júlí 1918, óku ferðalangar af stað frá Reykjavík í átta bifreiðum. Leiðin lá til Þingvalla. Í för voru danskir ráðherrar og þingmenn, fulltrúar Dana í viðræðunefnd um sambandslög Íslands og Danmerkur, og íslensku nefndarmennirnir sömuleiðis.

Á áfangastað fræddu Íslendingarnir gestina um hina löngu og merku sögu Þingvalla. Hópurinn gekk niður Almannaþing og lagði leið sína á Vellina. Að lokum var slegið upp veislu í Konungshúsinu, timburhúsinu á Efri-Völlum sem byggt var í tilefni af Íslandsheimsókn Friðriks konungs VIII árið 1907. Undir borðum þökkuðu Danirnir ágætari viðtökur, gestrisni og hlýhug á hinum helga stað Íslendinga.

Þingvellir voru og eru svo sannarlega samofnir sögu lands og þjóðar. Sjálfsagt var að leiða hina erlendu gesti þangað, fræða þá um stofnun Alþingis og dýrð staðarins á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Tæpast fylgdi sögunni að það voru höfðingjar sem öllu réðu á þjóðveldisöld, ekki óbreyttur almúginn. Og síðar seig á ógæfuhlið. Aldir liðu og þingið missti mátt og völd. Eftir stóð að lög að utan voru lesin upp, dómur felldir og brotamenn teknir af lífi, karlar hengdir eða hálshöggnaðir en konum nær alltaf drekkt. Loks kom að því árið 1800 að þinghald þar var aflagt með öllu.

„Nú er hún Snorrabúð stekkur,“ orti Jónas Hallgrímsson í kvæðinu „Ísland“ sem þeir Fjölnismenn birtu í fyrsta hefti rits síns árið 1835. Margir Íslendingar voru þá vaknaðir til vitundar um sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar, þeir hrifust þá af þeim vindum þjóðfrelsis og sjálfstæðis sem blésu víða í Evrópu. Frá miðri öldinni héldu þessir forystumenn – þingmenn, hreppsstjórnar, bændur og aðrir karlar – Þingvallafundi þar sem kröfum um aukin landsréttindi var haldið á loft.

Áfangasigrar unnust. Árið 1874 fögnuðu Íslendingar Kristjáni IX konungi sínum á Þingvöllum. Þremur áratugum síðar fékkst heimastjórn og þremur árum eftir það, sumarið 1907, var Friðrik VIII konungur kominn á Þingvelli, í raun hið

eina djásn þjóðarinnar sem sýna mátti tignum gestum – handritin voru ytra og húsin fátækleg og lágreist.

Fegurðin lá í náttúrunni, útsýni til allra átta og sögunni sem staðurinn geymdi. Rústir Snorrabúðar gátu talist gersemi; ósnortnir veggir og vellir, tún og vötn lifandi vitnisburður um liðna tíð.

Eða hvað? Sumarið 1918, á sama tíma og íslenskir gestgjafar leiddu dönsk fyrirmenni um Þingvelli, fundu ýmsir að því hvernig Íslendingar færu með staðinn, þjóðargersemi sína. Búfé gengi laust og nagaði sprota og gróðurnálar, bændur og ferðalangar gerðu illt verra með því að rífa sér hrís svo að horfði til auðnar. Þá væri kotungsbragur á greiðasölu, óþrifnaður hvarvetna og sorp á víðavangi, drykkjuskapur og slark með afbrigðum þrátt fyrir vínbann í orði kveðnu.

Kannski færðu þeir eitthvað í stílinn sem kvörtuðu undan umgengni á Þingvöllum. Víst er að um þessar mundir voru Íslendingar farnir að sjá fegurðina í náttúru landsins, mátu það ekki aðeins til nytja og gerðu sér jafnframt grein fyrir því að það eyðist sem af er tekið, að það skemmist sem illa er farið með.

Næstu áratugi fór það saman að Íslendingar nýttu Þingvelli og nutu þeirra. Staðurinn var gerður að þjóðgarði, sauðfé úthýst og trjárækt tók við sér. Fólk gekk betur um, að jafnaði. En um leið var aflíð í Soginu virkjað og raskaði sú framkvæmd til muna lífríki Þingvallavatns. Sumarbústaðir voru áfram reistir. Þótt einhugur væri um verndun þessa þjóðgarðs og sælureits breyttu Þingvellir um svip.

Og það munu þeir áfram gera. Umhverfisvernd snýst um að virða náttúru og líf, ekki að frysta hvaðeina á þeirri stundu sem fólki datt það í hug, og því síður að skapa ímyndaða fortíð.

Síðustu ár hefur þeim sífellt fjölgað sem vilja njóta fegurðar Þingvalla, ekki síst erlendum ferðalöngum. Vernda þarf viðkvæman gróður og hraun, leggja stíga og loka þeim blettum sem þola ekki ágengni, hjálpa fötluðum og fótafúnum að njóta staðarins, bæta enn frekar aðra aðstöðu fyrir gesti. Ekki má heldur gleyma því að þeir sem einna mest breyttu ásýnd Þingvalla voru þeir sem í árdaga veittu Öxará í nýjan farveg. Loks er það móðir náttúra sem mestu ræður. Vellirnir röskuðust heldur betur í jarðskjálftum undir lok átjándu aldar, land seig og fór undir vatn

Nú er þjóðgarðurinn á Þingvöllum að lögum friðlýstur helgistaður allra Íslendinga, kominn á heimsminjaskrá UNESCO, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Þingvellir mega heita staður minninga – Lieu de Mémoire – í sjálfsmynd íslenskrar þjóðar,

Ég fagna þessari bók um Þingvelli, gefinni út á aldarafmæli fullveldis. Margt hefur breyst á Þingvöllum þau hundrað ár sem liðin eru frá því að hinir íslensku og dönsku mektarmenn í sambandslaganefndinni virtu fegurð staðarins fyrir sér og fræddust um þúsund ára sögu hans. Margt hefur líka breyst í íslensku samfélagi. Vonandi auðnast okkur enn að ganga til góðs, götuna fram eftir veg.